



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

60. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn, 2. október 2015, kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Fundartímar svæðisskipulagsnefndar

Lagt er til að veturinn 2015-2016 verði svæðisskipulagsnefnd með fasta fundi, ákveðin föstudag í hverjum mánuði. Almenna reglan væri að halda sig við fasta fundardaga en sé þörf er hægt að hnika þeim til eða boða til auka funda.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að jafnaði verða fastir fundartímar nefndarinnar 3. föstudag í hverjum mánuði kl. 15:00.

2. Drög að fjárhagsáætlun 2016 / málsnr.1507001

Lögð var fram drög að fjárhagsáætlun 2016.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að leggja drög að fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum fyrir stjórn SSH.

3. Drög að verkefnaáætlun 2016 / málsnr.1507001

Lögð var fram drög að verkefnaáætlun 2016.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að leggja drög að fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum fyrir stjórn SSH.

4. Útgáfa og dreifing bókarinnar Höfuðborgarsvæðið 2040 / málsnr.1507001

Svæðisskipulagið – Höfuðborgarsvæðið 2040 hefur nú verið prentað í 500 eintökum. Fyrirliggur tillaga um dreifingu bókarinnar endurgjaldslaust til sveitarfélaga og stofnanna þeirra, ríkisstofnanna og annarra sem komu að mótun svæðisskipulagsins. Öðrum verður boðið að kaupa bókina á kostnaðarverði.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur skrifstofu SSH að dreifa bókinni og annast sölu hennar.

5. Breytingar á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017; frístundabyggð í landi Flekkudals / málsnr.1509005

Svæðisskipulagsstjóri lagði fram minnisblað þar sem fram kemur að umrædd tillaga að aðalskipulagsbreytingu sé ekki í andstöðu við það svæðisskipulag sem í gildi var þegar hún var auglýst.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir minnisblað svæðisskipulagsstjóra að umsögn sinni.

6. Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; Barónsreitur-Skúlagata / málsnr.1509003

Lagt fram

Niðurstaða:

Frestað til næsta fundar.

7. Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; Kirkjusandur / málsnr.1509004

Lagt fram

Niðurstaða:

Frestað til næsta fundar.

8. Nordregio formum; Nordic City Regions in a Global Environment

Lagt fram.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 16. október kl. 15:00.
Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 16:30